

EYD-212

Heiti: Eitur- og hættuleg efni	Númer: 14	Flokkun: A	Dagsetning: 23.11.2007
---------------------------------------	------------------	-------------------	-------------------------------

Lýsing á umhverfisþætti:

Eiturefni og hættuleg efni eru efni sem falla undir reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, Efnin eru öll merkt sérstökum varúðarmerkjum samkvæmt evrópskum og/eða alþjóðlegum skilgreiningum. Efnin eru notuð m.a. til þrifa og á verkstæðum til ýmissa nota. Einnig er um að ræða efni sem notuð eru til rannsókna og ýmissa framkvæmda.

Efnin eru að mestu leyti pöntuð og flutt til starfsstöðva af birgjum eða flutningafyrirtækjum. Lítil hluti eitur- og hættulegra efna er keyptur í almennum verslunum af starfsmönnum Landsvirkjunar. Á starfsstöðvum eru eitur- og hættuleg efni ávallt geymd í upprunalegum umbúðum og á merktum stöðum.

Umhverfisáhrif:

Eiturefni og hættuleg efni eru skilgreind sem slík vegna þess að flest þeirra hafa heilsuskaðleg áhrif á lífverur og fólk. Því má ekki losa þessi efni út í umhverfið. Þegar þessi efni eru notuð verða afgangar þeirra að spilliefnum sem fjallað er sérstaklega um í þýðingarmiklum umhverfisþætti um spilliefni.

Umhverfisáhætta:

Þessi efni eru skaðleg hvarvetna þar sem þau sleppa í einhverju magni út í umhverfið. Umhverfisáhætta er helst tengd flutningi efnanna, leka við geymslu, notkun eða áfyllingar og eldsvoða.

Hætta er á að efnin berist í umhverfi við óhöpp við flutning efnanna. Hætta er á að olía og efni eins og t.d. tjöruhreinsir og frostlögur, geti lekið og borist í yfirborðsvatn, grunnvatn og jarðveg.

Við eldsvoða getur skapast umhverfishætta vegna geymslu eldfimra og eldnærandi efna.

Fyrirbyggjandi stýring:

Yfirlit yfir eitur- og hættuleg efni sem notuð eru á hverri starfsstöð er að finna á innra neti Landsvirkjunar og í innkaupakerfi fyrirtækisins eru innkaup þessara efna skráð. Skilgreindur hefur verið sérstakur „bannlisti“ yfir efni sem ekki má nota í starfsemi Landsvirkjunar þ.m.t. í starfsemi verktaka á vegum fyrirtækisins.

Leitast er við að fækka eiturefnum og hættulegum eignum í starfsemi fyrirtækisins og er haldið utan um innkaup þeirra í innkaupakerfi Landsvirkjunar.

Efnin eru aðeins geymd á ákveðnum skilgreindum stöðum og öllum afgangum og menguðum umbúðum skilað í spilliefnamóttöku. Lögð er áhersla á vel skipulagt verklag við meðhöndlun og geymslu efnanna.

Á innra neti Landsvirkjunar er að finna öryggisleiðbeiningar fyrir þessi efni.

Vöktun:

Haldinn er listi yfir eitur- og hættuleg efni, fjölda þeirra og árlega notkun. Haldið er utan um innkaup efnanna í innkaupakerfi Landsvirkjunar.

Ástæða flokkunar:

Eitur- og hættuleg efni flokkast sem A umhverfispáttur þ.e. þýðingarmikill umhverfispáttur. Efnin eru hættuleg mönnum og umhverfi. Skortur er á yfirsýn yfir fjölda efna og efnavöru sem flutt er inn til Íslands. Áætlað er að auka ábyrgð atvinnulífsins og eru fyrirtæki hvött til þess að rannsaka og meta efnavörur sem tengjast starfsemi þeirra og tryggja að notkun feli ekki í sér að umhverfi og heilsu sé stefnt í hættu. Ísland er þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi varðandi takmörkun á notkun og losun hættulegra efna sem hafa skaðlega áhrif á heimsvísu. Mengun sem rekja má til leka efnanna út í umhverfið sem og meðhöndlunar efnanna eftir notkun (þ.e. spilliefna) getur ógnað hreinleika vatns, grunnvatns og jarðvegs og haft neikvæð áhrif á lífríkið.

Þjóðarmarkmið um að notkun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna og umhverfi. Einnig um losun efna sem eru hættuleg heilbrigði og umhverfi verði takmörkuð eins og mögulegt er og verði hætt innan aldarfjórðungs.